

### 304. fundur

Priðjudaginn 15. október 2024, kl. 13:30 kom verðlagsnefnd búvara saman á fjarfundi. Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður, Hrannar Már Gunnarsson, Rafn Bergsson, Reynir Þór Jónsson, Pálmi Vilhjálmsson, Steinunn Bragadóttir og Þórunn Andrésdóttir. Þá sátu einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, MAR og Unnsteinn Snorri Snorrason, BÍ.

Þetta gerðist á fundinum:

#### 1. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Lagðir fram framreiknaðir verðlagsgrundvöllir fyrir júní og september mánuð. Gjaldaliðir frá mars til júní hækkðu um 2,15% og frá júní til september um 0,57%. Lágmarksverði mjólkur til bænda síðast breytt þann 1. janúar sl., byggt á verðlagsgrundvelli í desember. Samanlögð hækkun gjaldaliða frá síðustu verðlagningu til september nemur 2,28%. Verðlagsgrundvöllur staðfestur. Í kjölfar framreiknings júní grundvallar var ekki haldinn fundur. Lagðir voru fram útreikningar sem sýndu fram á afurðaverðstap bænda vegna þess að ekki hafi verið verðlagt á grundvelli júní framreiknings. Samþykkt að tilefni væri til þess að bæta upp fyrir tap bænda. Ákveðið að á næsta fundi verði tekin verðákvörðun til bænda og samhliða því tekin ákvörðun um útfærslu á afturvirkri hækkun á afurðaverði.

*Bókun fulltrúa BÍ vegna boðunar funda: Samkvæmt verklagsreglum verðlagsnefndar búvara á að framreikna verðlagsgrundvöll ársfjórðungslega, grein 6.6, og eftir hvern uppreikning á nefndin að yfirfara niðurstöðuna og taka ákvörðun um breytingu á lágmarksverði, grein 6.7. Gerð er alvarleg athugasemd við að ekki sé boðað til funda í nefndinni eins og verklagsreglur gera ráð fyrir. Fulltrúar Bændasamtakanna í Verðlagsnefnd harma að ekki hafi verið boðað til fundar í nefndinni í júní og að nú sé orðið langt liðið á september. Er því sett fram sú krafa að nú í september 2024 verði verðlagt afturvirkt frá 1. júní sl.*

#### 2. Endurskoðun verðlagsgrundvallar

Farið var yfir drög að breytingartillögum á endurskoðuðum verðlagsgrundvelli. Umræður um útreikning launaliðar og stofnfjárframlags til útreiknings á afskriftum og fjármagnskostnaði. Samþykkt að fara betur yfir á næsta fundi.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:30.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson